



Alþingi
Nefndasvið
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1253
komudagur 13.3.2014

Gunnarsholti, 13.03.2014
Tilv. 00.25
GS

Efni. Umsögn um þá.t. um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum, 276. mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndarsviðs Alþingis, dags. 24. febrúar 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum og þannig verði tryggt að jörðin verði þjóðareign.


Uppblástur og gróður- og jarðvegseyðing hefur um langt skeið herjað á fjallajarðirnar á Hólsfjöllum austan Jökulsár og víða eru stór landsvæði orðin örfoka land. Meðal annars þess vegna er mikilvægt að þetta land sé sem minnst og helst ekki beitt, enda þórir sá gróður sem enn er á landinu ekki mikla beit. Með opinberu eignarhaldi á þessu landi ætti að vera unnt að tryggja að landnýting sé í samræmi við landkosti og þannig lagður grunnur að því að endurheimta fyrri landkosti, a.m.k. að einhverju leyti.

Landgræðslunni (þá Sandgræðslunni) var á sínum tíma afhent til eignar 188 ha spilda við Álfatjarnir í landi Grímsstaða á Fjöllum til uppgræðslu. Landgræðslan á því þetta land og þar og víðar í landi Grímsstaða á Fjöllum hefur mikið verið unnið að landgræðslu í áratugi. Þá keypti Landgræðslan árið 2002 jörðina Víðidal sem er næsta jörð sunnan Grímsstaða og þar hefur einnig verið unnið að uppgræðslu lands.

Í ljósi þess er að ofan greinir er Landgræðslan því fylgjandi að ríkið eignist Grímsstaði á Fjöllum alla. Slíkt eignarhald væri í samræmi við stefnu ríkisins um eignarhald á illa förmu og örfoka landi, sbr. Reglur um ráðstöfun ríkisjarða, sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið setti þann 13. júlí 2011, en þar segir í 5. gr. m.a. að það sé „stefna ráðuneytisins að selja að jafnaði ekki land þar sem jarðvegsrof er metið í rofflokka 3, 4 og 5 samkvæmt rofskala Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins.“

Landgræðsla ríkisins er því sammála þeim sjónarmiðum að ríkið eigi að eignast Grímsstaði á Fjöllum og leggur til að sú tillaga til þingsályktunar sem hér um ræðir verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,


Guðm. Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs